

Fyrirspurn

til umhverfis- og auðlindaráðherra um mengandi lífræn efni í jarðvegi sem losaður er í Bolaöldu.

Frá Ólafi Ísleifssyni.

1. Telur ráðherra öruggt að öll jarðefni, mold, möl, grjót og steinsteypubrot sem flutt eru á jarðvegslosunarsvæðið í Bolaöldu í landi Ölfuss séu með öllu laus við mengandi lífræn efni? Ef ekki, hvernig getur ráðherra réttlætt slíka losun með tilliti til vatnsverndarsjónarmiða og þess að losunin á sér stað hátt yfir sjávarmáli og úrgangur getur þannig runnið í átt til sjávar og mengað jörð, vatn o.fl. sem á vegi hans verður?
2. Hvaða fráviksmörk telur ráðherra hugsanleg í þessu efni og hvaða hlutfall lífrænna efna í jarðvegsefnum telur ráðherra viðunandi? Hvaða rannsóknir leggur ráðherra til grundvallar svari sínu?
3. Til hvaða aðgerða hefur ráðherra gripið til að verja vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins fyrir áhrifum lífrænna mengandi efna í jarðvegi sem losaður er í Bolaöldu? Hvaða áform hefur ráðherra um frekari aðgerðir?

Skriflegt svar óskast.